

EVROPURÁÐIÐ

RÁÐHERRANEFNDIN

Tilmæli Rec(2005)5 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um réttindi barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum

*(Samþykkt af ráðherranefndinni þann 16. mars 2005
á 919. fundi fulltrúa ráðherra)*

Í samræmi við ákvæði í 15. grein b í lögum um Evrópuráðið ber ráðherranefndinni eftirfarandi,

með tilliti til þess markmiðs Evrópuráðsins að auka eindrægni á meðal aðildarríkja þess, meðal annars með því að hvetja til þess að sameiginlegar reglur séu teknar upp.

Hafa ber í huga það starf sem leiddi af barnaáætlun Evrópuráðsins og verkefni um stefnumörkun í málefnum barna, einkum þó tilmæli ráðstefnunnar um „Réttindi barna og stefnumörkun í málefnum barna í Evrópu; Nýjar nálganir?“ sem haldin var í Leipzig árið 1996, tilmæli Evrópungingsins nr. 1286 (1996) um evrópska stefnumörkun í málefnum barna, nr. 1551 (2002) um að móta samfélag 21. aldar með og fyrir börn, eftirfylgjandi tilmæli nr. 1286 (1996) um evrópska stefnumörkun í málefnum barna og nr. 1601 (2003) um að bæta aðbúnað yfirgefina barna á stofnunum.

Staðfesta ber að nýju lagatexta sem vísa til almennra aðstæðna barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum og einkum þó til Mannréttinasáttmála Evrópu um verndun mannréttinda og mannfrelsis (ETS. nr. 5), Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, Félagsmálasáttmála Evrópu (ETS nr. 35) og endurskoðaðs Félagsmálasáttmála Evrópu (ETS nr. 163), Evrópusamningsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu (ETS nr. 126), Evrópusáttmálans um framkvæmd á réttindum barna (ETS nr. 160) og Samnings um samstarf vegna barna (ETS nr. 192).

Taka ber tillit til eftirfarandi samþykktar og tilmæla ráðherranefndarinnar: Samþykktar nr. R (77) 33 um vistun barna og samþykktar nr. R (79) 17 um verndun barna gegn illri meðferð, samþykktar nr. R (84) 4 um ábyrgð foreldra, samþykktar nr. R (87) 6 um fósturfjölskyldur, samþykktar nr. R (87) 20 um samfélagsleg viðbrögð við afbrotum ungmenna, samþykktar nr. R (94) 14 um samfellda og samþætta fjölskyldustefnu, samþykktar nr. R (98) 8 um þátttöku barna í fjölskyldulífi og félagslífi, samþykktar Rec(2001) 16 um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi, samþykktar Rec(2003) 19 um bætt aðgengi að félagslegum réttindum og samþykktar Rec(2003) 20 um nýjar aðferðir til að bregðast við afbrotum ungmenna og hlutverk sérstaks unglingadómstóls.

Hafa ber í huga meginreglur Mannréttinasáttmála Evrópu um verndun mannréttinda og mannfrelsis og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en samkvæmt þeim ber ætíð að forðast vistun barna þegar aðrir möguleikar standa til boða með hliðsjón af forvarnaaðgerðum.

Nefndin gerir sér grein fyrir því að þrátt fyrir forvarnaraðgerðir þarf engu að síður að vista sum börn utan fjölskyldu sinnar.

Þegar ákvörðun er tekin um að vista barn utan heimilis ber fyrst og fremst að taka tillit til þarfa barnsins, bestu hagsmuna þess og, eftir því sem við á, álits þess sjálfs á málinu. Taka ber fullt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

Áhersla er lögð á að öll börn sem vistuð eru utan fjölskyldu sinnar, einkum þau sem sett eru á stofnanir, fái tækifæri til að þroskast með reisu við bestu mögulegar aðstæður og án þess að lenda á jaðrinum hvort heldur sem er í æsku- eða fullorðinsárum þannig að þau geti hindrunarlaust orðið fullgildir borgarar í evrópskum samfélögum.

Þeim tilmælum er beint til ríkisstjórna aðildarríkja að þau:

1. Setji löggjöf og grípi til annarra aðgerða eftir því sem nauðsyn krefur, þar með taldar leiðbeiningar og aðgerðaáætlanir á landsvísu, til þess að tryggja að uppfylltar séu þær meginreglur og þeir gæðastaðlar sem lagðir eru fram í viðauka með þessum tilmælum með það fyrir augum að hrinda að fullu í framkvæmd réttindum barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum, burtséð frá því hvers vegna eða hvers eðlis sú vistun er.
2. Tryggi með viðeigandi aðferðum og aðgerðum að þessum tilmælum sé miðlað til barna og annarra einstaklinga og lögaðila sem málið varðar.

Viðauki með tilmælum Rec(2005) 5

Meginreglur:

- Fjölskyldan er hið eðlilega umhverfi til að tryggja vöxt barns og vellíðan þess og foreldrarinn bera aðalábyrgð á uppeldi og þroska barnsins.
- Veita ber aðgang að forvarnaraðgerðum til stuðnings börnum og fjölskyldum þeirra í samræmi við sértækar þarfir þeirra, eftir því sem hægt er.
- Vistun barns ætti að vera undantekning og hafa það fyrst og fremst að markmiði að gæta bestu hagsmuna barnsins þannig að það geti sem fyrst samlagast samfélaginu, eða samlagast því að nýju ef við á. Við vistun verður að tryggja að barnið njóti grunnréttinda sinna að fullu og öllu.
- Vistun ætti ekki að vara í lengri tíma en nauðsynlegt er og ber að endurskoða reglubundið með hliðsjón af bestu hagsmuna barnsins meðan á vistun stendur. Styðja skal foreldra eins vel og mögulegt er með það fyrir augum að sameina barnið fjölskyldu sinni og samfélagi að nýju í sem mestri sátt og samlyndi.
- Þegar barn fer úr vistun þarf það að eiga rétt á mati á þörfum sínum og viðeigandi eftirfylgni og stuðningi í samræmi við það markmið að sameina barnið fjölskyldu sinni og samfélagi að nýju.

- Þegar ákvörðun er tekin um vistun barns og vistunina sjálfa má hún ekki byggjast á mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar, húðlitar, félagslegs eða þjóðlegs uppruna, skoðana, tungumáls, eigna, trúarbragða, fötlunar, fæðingar eða neinnar annarrar stöðu barnsins og/eða foreldra þess.
- Réttur barnsins og einkum þá réttur þess til að geta lagt fram skoðanir sínar skal vera tryggður í ferlinu öllu og skipulagi þess svo og í einstaklingsbundinni áætlun um umönnun í vistuninni. Þar er með talin reglubundin endurskoðun á vistuninni. Taka ber fullt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.
- Allar aðgerðir sem gripið er til vegna eftirlits eða agamála á stofnunum, þar með taldar aðgerðir til að koma í veg fyrir að barn valdi sjálfu sér eða öðrum tjóni eða meiðslum, verða að byggjast á opinberum reglum og viðurkenndum stöðlum.
- Sé þess nokkur kostur ætti fjölskylda barnsins að taka þátt í áætlunum og skipulagningu vistunar barnsins.
- Sé þess ekki kostur að sameina barn fjölskyldu sinni að nýju ber að leita annarra leiða við umönnun barnsins eða íhuga áframhaldandi vistun þar sem tekið er tillit til óska þess og lífsferils og hvernig hægt er að koma til móts við óskir þess og þarfir.

Sértæk réttindi barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum

Til þess að tryggja að full virðing sé borin fyrir þessum meginreglum og grundvallarréttindum barnsins þarf að viðurkenna eftirfarandi réttindi barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum:

- Réttinn til þess að vera vistaður/vistuð einungis til að uppfylla þarfir sem skilgreindar hafa verið sem nauðsynlegar í þverfaglegu mati og að vistunin verði endurskoðuð reglubundið. Í þeirri endurskoðun ber að leita fleiri en einnar leiðar og taka tillit til sjónarmiða barnsins.
- Réttinn til þess að halda reglulegum tengslum við fjölskyldu barnsins og aðra því nána. Einungis er hægt að takmarka þann rétt eða afnema hann þegar það er í þágu bestu hagsmuna barnsins.
- Rétt systkina til þess að vera saman eða viðhalda föstu sambandi hvenær sem því verður við komið.
- Réttinn til auðkennis.
- Réttinn til virðingar fyrir bakgrunni barnsins hvað varðar þjóðerni, trúarbrögð, menningu, félagslegt umhverfi og tungumál.
- Réttinn til einkalífs, þar með talið aðgengi að einstaklingi sem barnið treystir og til þess bærum aðila sem veitir því trúnaðarráð um réttindi sín.

- Réttinn til góðrar heilsugæslu sem löguð er að þörfum og velferð hvers barns fyrir sig.
- Réttinn til virðingar fyrir mannlegri reisu barnsins og líkamlegu sjálfræði. Þar er einkum átt við rétt til mannlegrar meðferðar sem ekki er niðurlægjandi og til uppeldis án ofbeldis, þar með talin vernd gegn líkamlegum refsingum og misnotkun af öllu tagi.
- Réttinn til jafnra tækifæra á við aðra.
- Réttinn til aðgengis að menntun af öllu tagi og starfsráðgjöf og -þjálfun við sömu aðstæður og öll önnur börn.
- Réttinn til þess að búa sig undir virkt og ábyrgt hlutverk í samfélaginu með leik, íþróttum, menningarstarfsemi, óformlegri menntun og aukinni ábyrgð.
- Réttinn til að taka þátt í ákvarðanatöku sem varðar barnið og aðbúnað þess á stofnuninni.
- Réttinn til þess að þekkja réttindi sín og reglur um stofnunina á barnavænan hátt.
- Réttinn til að leggja fram kvartanir við ákveðinn, hlutlausan og sjálfstæðan aðila með það fyrir augum að framfylgja grundvallarréttindum barnsins.

Leiðbeiningar og gæðastaðlar

Til þess að tryggja þessum meginreglum og réttinum sé fylgt eftir ber að taka tillit til eftirfarandi leiðbeininga og staðla:

- Þegar kringumstæður leyfa ætti að velja vistunarstað eins nálægt heimkynnum barnsins og mögulegt er og skipuleggja vistun þannig að foreldrar fái tækifæri til þess að sýna ábyrgð sína í verki og viðhalda tengslum barns og foreldris á reglubundinn hátt.
- Þjófnað skal upp á úrræði í fjölskylduumhverfi.
- Líkamlegt og andlegt heilbrigði barnsins á að hafa forgang og samfellt og stöðugt þroskaferli þess er forsenda þess að umönnunaráætlunin nái markmiðum sínum.
- Gera skal einstaklingsbundna umönnunaráætlun sem byggist bæði á því að þróa hæfileika og getu barnsins og að sýna sjálfræði þess fulla virðingu, ásamt því að viðhalda tengslum við ytra umhverfi og undirbúning fyrir líf utan stofnunarinnar til lengri tíma litið.

- Ákjósanlegast er að samfella sé í samskiptum starfsliðs og barns, bæði hvað varðar fræðslu og viðeigandi tilfinningaleg tengsl. Áhersla er lögð á stöðugleika í starfsliði (stöðuga viðveru, sem fæst mannaskipti í starfsliði).
- Innra skipulag stofnunarinnar á að liggja fyrir og grundvallast á:
 - gæðum og stöðugleika bústaða,
 - blandaðri búsetu þegar það er í þágu bestu hagsmuna barnsins,
 - miklum faglegum kröfum til starfsliðs sem hlotið hefur starfsþjálfun,
 - fullnægjandi launum starfsliðs,
 - stöðugleika í starfsliði og fullnægjandi fjölda starfsmanna,
 - fjölbreytni starfsliðs, einkum hvað kynferði varðar,
 - þverfaglegri samvinnu og stuðningi af öðru tagi, þar með talið handleiðslu,
 - skilvirkri beitingu fyrirbyggjandi úrræða þar sem barnið er í brennidepli,
 - sértækri aðferðum og þjálfun í að þróa viðeigandi samstarf við foreldra barnsins,
 - siðareglum sem lýsa starfsstöðlum í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Til þess bær opinber yfirvöld ættu að fullgilda og skrá allar dvalarstofnanir á grundvelli reglna og lágmarksstaðla um umönnunarstofnanir á landsvísu.
- Tryggja ber skilvirkt eftirlitskerfi og ytra eftirlit með dvalarstofnunum á grundvelli þessara staðla.
- Safna ber viðeigandi tölfræðilegum gögnum og sundurgreina þau, auk þess sem stuðla skal að rannsóknum á skilvirku eftirliti.
- Bregðast skal við öllum brotum gegn réttindum barna sem vistuð eru langdvölum á stofnunum á viðeigandi og skilvirkan hátt.
- Viðurkenna ber að auk opinberra stofnana geta frjáls félagasamtök (NGOs), trúarhreyfingar og aðrir einkaaðilar gegnt mikilvægu hlutverki fyrir börn sem vistuð eru langdvölum á stofnunum. Yfirvöld hvers ríkis þurfa að skilgreina þetta hlutverk. Þótt frjáls félagasamtök sinni þessum störfum losar það ekki hið opinbera undan skyldum sínum gagnvart börnum sem vistuð eru langdvölum á stofnunum sem þessi tilmæli ná til. Þar er einkum átt við það að tryggja viðeigandi staðla, vottunarkerfi og eftirlit til þess bærra aðila.